

Fundargerð 298. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 12. nóvember 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 30. október 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 8. október 2009. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 9. nóvember 2009. Samþykkt. 4. lið vísað til næsta hreppsnefndarfundar.

Til afgreiðslu:

1. **0911007** Bréf dags. 3. nóvember s.l. frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með fundargerð og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 til afgreiðslu. Fjárhagsáætlunin samþykkt.
2. **0910029** Bréf dags. 16. október s.l. frá Snorraverkefninu (Snorrasjóði) með ósk um stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2010. Erindinu hafnað.
3. **0911009** Bréf dags. 24. október s.l. frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi með fyrirspurn vegna þjónustu við eldri borgara og ósk um akstursþjónustu. Sveitarstjóra falið að hafa samband við aðila um málið.
4. **0910025** Bréf dags. 8. október s.l. frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með afriti bréfs Vinnuhóps um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga þar sem farið er fram á umsögn/athugasemdir við endurskoðun laganna. Ákveðið að veita ekki umsögn.
5. **0911006** Tölvupóstur dags. 10. nóvember 2009 frá Alþingi með ósk um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör), 102. mál. Ákveðið að veita ekki umsögn.
6. **0812042** Iðngarðar á Reykhólum, kynning og næstu skref. Ákveðið að skipa nefnd til undirbúnings verkefnisins. Sveinn og Óskar tilnefndir fyrir Reykhólahrepp.

Mál til kynningar:

1. **0911008** Minnisblað dags. 10. nóvember 2009 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um fjárlagafrumvarp 2010. Kynnt.
2. **0911005** Bréf dags. 5. nóvember s.l. frá Umhverfisstofnun vegna refaveiða á tímabilinu 1. sept. 2009 til 31. ágúst 2010. Engar endurgreiðslur verða af hálfu ríkisins ef fer sem horfir. Sveitarstjórn Reykhólahrepps mótmælir harðlega þeirri ákvörðun sem kemur fram í fjárlagafrumvarpi 2010 að skera alfarið niður endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða fyrir tímabilið 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
3. **0910031** Tölvupóstur dags. 21. október s.l. frá Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu um stöðu kynja í sveitarstjórnnum. www.samgonguraduneyti.is. Kynnt.

Önnur mál.

1. **0911016** Bréf dags. 10. nóv. s.l. frá skólastjóra Reykhólaskóla með fyrirspurn um framkvæmdir við bókasafn. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í anda umræðna á fundinum.
2. Fyrirspurn frá Gústafi Jökli um stöðuna á íþróttavöllunum. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:20

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)